

# NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI  
**511 1188**

JÚNÍ 2013 • 6. TBL. • 26. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU  
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



## Yfir 90% þátttaka í Göngum í skólann

Grunnskóli Seltjarnarness hefur tekið þátt í verkefni Göngum í skólann frá upphafi og hefur það nú öðlast fastan sess í skólastarfinu bæði haust og vor. Slysavarnarkonur koma í Mýró og stilla hjálma nemenda með tilheyrandi fræðslu.

Þátttakan í Göngum í skólann er alla jafna góð og yfir 90% nemenda koma gangandi eða hjólandi í skólann þessa daga. Þá eru stöðugt fleiri sem ganga eða hjóla nánast

allt árið. Í haust var þátttakan 91% í 1.-6. bekk og nú í vor var hún 94%. Eins og vanalega var keppni milli bekkjardeilda um gullskóinn, silfurskóinn og bronsskóinn. Að þessu sinni voru tvær bekkjardeildir jafnar með 100% þátttöku. Það voru 6. KH sem varði titilinn frá haustinu og 2. HG sem náði þessum frábæra árangri. Krakkarnir í 2. HG ganga í skólann nánast alla daga árið um kring. Silfurskóinn hlaut 4. LAS og bronsskóinn hlaut 5. LK.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

**Slökkvitæki ehf**  
Hleðsla - Sala - Þjónusta

Helluhrauni 10 - Hfj.  
Sími 565-4080

Verslum við litla manninn

**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi

10, 30 og 100 stk pakking fæst án lyfseðils í næsta apóteki



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímamann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)



Hafðu bankann með þér

Íslandsbanki

# NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

## Margt ánægjulegt að gerast

Ánægjulegt er að sjá að afkoma Seltjarnarnesbæjar er mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Engu að síður er prósentu útsvarsins með því lágsta á landinu en það var lækkað í fyrra.

Einnig virðist vera almenn ánægja með búsetuskilyrði á Nesinu því í árlegri þjónustukönnun Capasent kemur fram að um 91% íbúa eru ánægðir að búa í bæjarfélaginu.

Í Nesfréttum í dag er viðtal við fjögur ungmenni um vímufnanotkun á Seltjarnarnesi og virðist hún nánast engin meðal ungmenna á Nesinu samkvæmt könnunum og nú er komið úr tísku hjá krökkunum að vera í vímu.

Nálægðin við alla þjónustu hefur líka mikið að segja. Fólk þarf að fara að nýta sér gönguleiðir og hjólastíga meira en nýbúið er að merkja þá svo að hjólafólk og göngufólk rekist ekki á.

Nú er verið að leggja lokahönd á lagfæringu á þakinu á Eiðis-torgi. Búið að þetta það og skipta um gler. Nú er orðið allt annað að sjá hvað birtir mikið á torginu og hvað þessi framkvæmd hefur tekist vel. Því verður ekki annað séð en að margt ánægjulegt sé að eiga sér stað í Seltjarnarnesbæ.

## Allir námsmenn á Nesinu fá vinnu



Ungmenni við bæjarhliðið á Seltjarnarnesi.

Allir námsmenn 14 ára og eldri, sem sóttu um vinnu hjá Seltjarnarnesbæ áður en umsóknarfrestur rann út, fá þar vinnu. Alls er um 360 námsmenn að ræða, þar af 190 nemendur 14-17 ára og 170 nemendur sem eru 18 ára og eldri.

Nemendur sem eru 14 og 15 ára fá vinnu hálfan daginn fjóra daga vikunnar í sjö vikur á meðan 16 og 17 ára nemar fá vinnu sjö tíma á dag yfir sama tímabil. Nemendur sem eru eldri fá einnig vinnu í sjö tíma á dag en í alls átta vikur. Alls eru um 90% grunnskólanema, sem uppfylla skilyrði fyrir sumarvinnu, sem starfa því á Nesinu í sumar.

Seltjarnarnesbær er eitt fárra bæjarfélaga sem býður öllum námsmönnum, sem þess óska, sumarvinnu en það er liður í fjölskyldu- og forvarnarstefnu bæjarins. Yngri námsmenn á Nesinu fá störf við almenna umhirðu á opnum svæðum á meðan hinir eldri, sem ýmist stunda nám í framhaldsskólum eða háskólum fá störf við leikjanámskeið, íþróttamannvirki bæjarins, leikskóla, bókasafn, bæjarskrifstofur og fleira. Um þessar mundir er verið að ganga frá ráðningu í sumarstörfun og eru sumir nú þegar byrjaðir að vinna.

**HÁGÆÐI.IS**  
HÚSAVIÐGERÐIR.IS  
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Nesbúinn



Er verið að breyta Skarasjoppu í heilsuhof?

## Reiðhjóla- og göngustígar endurskoðaðir



Búið er að merkja göngu- og hjólreiðastíga á Seltjarnarnesi.

Gagnger endurskoðun á göngu- og hjólreiðastígum á Seltjarnarnesi stendur nú yfir hjá bænum. Starfshópur, sem hefur þessi mál til athugunar, undir forystu Ásgerðar Halldórsdóttur bæjarstjóra hyggst skila niðurstöðum í september á þessu ári.

Hlutverk hópsins er að skoða grunnnet hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu og kort af göngu- og hjólreiðastígum höfuðborgarsvæðisins, sem sveitarfélagin hafa látið vinna og uppfært reglulega.

Starfshópurinn hyggst skoða tengingar við Reykjavík og leggja til drög að hjólreiðaáætlun sem ætlað er að skapa umhverfi sem hvetur til göngu- og hjólreiða. Fyrir liggur að sums staðar þarf að breikka eða endurnýja göngu- og hjólreiðastíga með umferðaröryggi að leiðarljósi og einnig til að hvetja til aukinnar hreyfingar. Starfshópurinn mun hafa til hliðsjónar grunnnet almenningssamgangna og hjólreiðastíga, sem gefin var út í mars 2011.



## Áfram boðið upp á heitan mat í Eiðismýri

„Mikilvægt er að hlusta á raddir og óskir aldraðra,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, en nýlega gerði Seltjarnarnesbær samkomulag við eldri borgara sem búa í Eiðismýri 30 um að þar verði áfram boðið upp á heitan mat á virkum dögum í sal íbúanna á 1. hæð.

Í byrjun ársins var afráðið að fara af stað með slíkt tilraunaverkefni til þriggja mánaða. Verkefnið gekk vel og var afar vel tekið af íbúum sem segjast þakklátir fyrir

að geta gengið að heitum mat vísam alla virka daga auk þess að snæða hann í góðra vina hópi. „Við leggjum mikið upp úr því að bjóða íbúum bæjarins upp á sveigjanlega þjónustu, og þetta fyrirkomulag hefur sýnt sig að henti mjög vel þeim sem þar búa. Nú þegar eru tólf íbúar að snæða reglulega saman hádegisverð og um leið að efla félagsleg tengsl, sem er afar jákvætt,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

# Gleðilegt sumar með Garðatunnnunni!

### Helstu kostir Garðatunnnunar:

- Ódýr leið til að losna við garðaúrganginn.
- Losuð á tveggja vikna fresti yfir sumartímann.
- Garðatunnnan er á hjólum og getur því fylgt þér um allan garðinn.
- Það er ótrúlega þægilegt að hafa svona tunnu alltaf við hendina.
- Þú losnar við að aka með garðaúrganginn á næstu endurvinnslustöð.
- Garðaúrgangurinn fer til moltugerðar hjá Gámaþjónustunni hf.

Seljum og sendum moltu og kurl til fagaðila og annarra stórnotenda eftir sérstöku samkomulagi.

Allar upplýsingar í síma 535 2510 og á „gardatunnnan.is“



### Vantar þig kraftmikinn jarðvegsbæti?

Þá er tilvalið að koma í Berghellu 1 í Hafnarfirði með fötu, poka eða litla kerru og sækja sér moltu eða viðarkurl í garðinn án endurgjalds. Moltuna og kurlid má fá sent heim í stórsekkjum gegn vægum gjaldi. Sjá „gamar.is/moltaogkurl“



**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**  
BÆTT UMHVÆFI - BETRI FRAMTÍÐ

**Gardatunnnan.is**

# Rithringur fyrir alla - líka Seltirninga

Ganga Seltirningar með rithöfundum í maganum. Ef svo er get ég bent á einn góðan vettvang til þess að fá útrás fyrir ritstörfum, ef áhugi er fyrir hendi. Rithringur.is er vefur fyrir alla rithöfunda og þá sem hafa áhuga á skrifum. Þar sendir fólk inn sögur og fær gagnrýni á sín eigin verk, þar eru gerðar bóka gagnrýni, spjall og mikið fleira. Stóri kosturinn er líka að þetta kostar ekki neitt.

Rithringurinn er ekki nýr af nálinni, hann var stofnaður í byrjun árs 2003. Hefur því verið haldið upp á 10 ára afmæli hans. Var það gert með glæsibrag. Haldin var keppni, að skrifa sögu með þemanu skáldalíf og tóku margir þátt. Síðar var kosið um bestu sögunnar, en það var auðvitað gert innan Rithringins, meðlimir sjálfir kusu. Síðar voru veitt vegleg bókaverðlaun. Við nokkur á Rithringum höfum stigið skrefið aðeins lengra. En 13 höfundar, bæði útgefni og óútgefni gáfu út smásagnabók, Rithringsbókina, fyrst árið 2012 í desembermánuði. Bókin er á Emma.is. Nú höfum við farið aftur af stað og erum búin að skila af okkur annarri Rithringsbók sem kom út núna í maí 2013. Sú bók er með þemað: „Þetta var síðasti dagur lífs mín“. Bæði ber bókin þetta nafn og allar sögurnar í bókinni byrja á þessari setningu. Þær hafa allt litróf ritlistarinnar að geyma. Seinni bókin var alfarið unnin á vefnum Rithringur.is, allar ákvarðarnir teknar þar. Til dæmis höfðum við kápukeppni, gerðum tvær samvinnusögur og margt fleira. En í þeim tóku flestir höfundar bókarnar þátt, en þetta eru gjörningur rithringsins,



keðjusögur. Hver höfundur lagði sitt til málanna en í raun vissum við ekki hvert söguþráðurinn myndi stefna. Endaði með því að út komu tvær mjög skemmtilegar sögur sem hægt er að hlægja að. Þó að um samvinnuverkefni hafi verið að ræða og lýðræðið haft í hávegum, þá var stjórnandi verksins Rósa Grímsdóttir og ég undirrituð var meðstjórnandi. Margs ber að gæta þegar útgáfa bókar er annars vegar. 18 höfundar tóku þátt í þessu verki og má með sanni segja að allar sögurnar séu háklessa sögur. Við gættum okkur vandlega á því að fara yfir sögurnar hjá hvert öðru og fengum faglærðan prófarkalesara Ingibjörgu Elsu Björnsdóttur, sem einnig er höfundur sögu í bókinni til að lesa. Fleiri útgáfumál eru á dagskrá þar á meðal jólasögur. Þessa einstaka samvinna og hvernig bókin var unnin gerir hana afar sérstæða. Allir ættu að finna sögur við sitt hæfi. Heimasíða bókanna er: smasogur.com. Vonum að þið njótið lestursins og hafið eins gaman af honum eins og við höfðum gaman að því að semja sögurnar og fara í gegnum allt ferlið á Rithringum. Að þessum orðum sögðum, vonast ég undirrituð fyrir hönd okkar allra á Rithringnum að þið lesið þessa rafbók okkar og síðast en ekki síst að þið skráið ykkur á Rithringinn, ef það blundar í ykkur rithöfundarhjarta.

Auður A. Hafsteinsdóttir,  
meðstjórnandi seinni Rithrings-  
bókarinnar og meðlimur á Rithring-  
um.is frá byrjun hans.



## Fornleifarannsóknir í Nesi

Óútskýrðar hringamyndanir eru hluti af fornleifarannsóknum sem nú eru hafnar í landi Ness á Seltjarnarnesi en uppgröfturinn er samstarfsverkefni Seltjarnarnesbæjar við námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn Íslands.

Frá árinu 2010 hefur Seltjarnarnesbær boðið land sitt sem kennsluvettvang fyrir fornleifafræðirannsóknir en tilgangurinn er einnig að gera aðgengileg á einum stað gögn sem tengjast fornleifarannsóknunum á safnasvæðinu sem og að veita nemendum yfirsýn yfir alla þætti fornleifarannsóknar, allt frá vettvangsrannsókn og skýrslugerð til frágangs gagna og gripa á söfnum.

Að þessu sinni fer uppgröfturinn fram við Móakot, sem er bæjarhóll norðan við Nesstofu, en þar hefur komið í ljós hlaðinn torfbær og einnig verða óútskýrðar hringamyndanir við Vesturtún rannsókuð. Uppgröfturinn stendur yfir í um fjórar vikur á vori hverju. Aðilarnir sem koma að uppgræftrinum stefna að fimm ára samkomulagi en að loknu námskeiðinu sem nú fer fram verður útbúin rannsóknarætlun sem nær yfir allt tímabilið. Eitt af markmiðum samkomulagsins er að byggður verður upp sameiginlegur kortagrunnur yfir fornleifar svæðisins. Stefnt er að því að allar eldri rannsóknir á svæðinu verði færðar inn í kortagrunninn.

## Ekki gefa öndunum í sumar

Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi vilja vekja athygli bæjarbúa og annarra gesta á því að ekki er talið æskilegt að brauðfæða endurnar í Bakkatjörn yfir sumartímenn.

Með því að gefa öndunum brauð er hætt við að sílamávar

notfæri sér það og ráðist á andarunga sem eru að komast á legg. Með mikilli brauðgjöf er einnig hætt við ofauðgun á næringarefnum í tjörninni sem hefur slæmar afleiðingar í för með sér fyrir lífríkið.

### NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:  
511 1188

# SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.



**TÉKKLAND**  
Bifreiðaskoðun

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	10.320
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013

# sunquick®

á sumarverði  
í næstu verslun

Enginn viðbættur sykur

C-vítamín ríkur

Engin litarefni

50% ávaxtasafi



**40**

40 glös af sólríkum og svalandi  
ávaxtadjús úr einni flösku

## Vorhátíð í Mýró



Magni Ásgeirsson ásamt tveimur nemendum Mýró.

Vorhátíð Mýró var haldin í roki og rigningu. Að venju bauð Foreldrafélag skólans upp á hoppukastala og pylsur með tilheyrandi fjöri. Inga Björg tónmenntakennari stýrðaði skemmtun á sal skólans.

Kórarnir, Meistari Jakob, Litlu snillingarnir og Gömlu meistarnir, sungu og Inga Björg lét alla standa upp og dansa dansinn sem var æður á þemadögunum. Síðan var Sigurði Yngvarssyni lækni á Grensásdeild Landspítalans afhent peningagjöf, 130 þúsund, sem safnaðist á tónleikum kóranna í vor. Í stuttmyndakeppnina bárust

sjö myndir, allar mjög góðar. Dómarar voru að þessu sinni þau Valgerður Guðnadóttir, Bryndís Ásmundsdóttir og Magni Ásgeirsson. Niðurstöður dómnefndar voru að mati dómnefndar: Besta myndin Blómið. Besta leikkona í aðalhlutverki: Melkorka Hákonardóttir. Besta leikkona í aukahlutverki: Solveig Nordal. Besti leikari í aðalhlutverki: Ari Hallgrímsson. Besti leikari í aukahlutverki: Killian Briansson. Besta leikstjórn/kvikmyndataka: Marta María Harðardóttir. Bestu tæknibrellur: Kári Rögnvaldsson.

## Namazizi er vinaskóli okkar í Malaví



Kassarnir fjórir sem nemendur Grunnskóla Seltjarnarness sendu nemendum Namazizi skólans eru nú komnir á áfangastað. Gumbala skólastjóri sendi okkur bréf með myndum af nemendum með dótið.

Hann segir að hlutunum hafi verið dreift meðal þeirra sem mest þurfa á að halda, íþróttalið skólans

fékk búninga og bolta, en hluti varningsins verður notaður sem verðlaun til nemenda sem standa sig vel í skólanum. Við viljum aftur þakka öllum nemendum sem komu með skóladót að heiman, 7. bekknum sem saumuðu bakpoka og gáfu, Nesskip sem veitti okkur peningastyrk og DHL sem fluttu kassana endurgjaldslaust til Malaví.

## Pappírstunna við hvert heimili

Í júlí hefst dreifing á pappírstunnum við hvert heimili á Seltjarnarnesi, sem íbúar hafa val um að þiggja, þeim að kostnaðarlausu. Þar með geta íbúar flokkað sorp beint í endurvinnslutunnu við heimili sitt. Markmiðið er að auka þjónustu við íbúa, hvetja til endurvinnslu og draga úr úrgangi sem fer til urðunar. Með breyttingunni áætla Seltjarnarnesbær að draga úr urðun um fjórðung og sporna þannig við þeim kostnaði sem hlýst af urðun úrgangs. Um leið vinnur bærinn að markmiðum sínum um sjálfbært samfélag.

Nú í júní fá bæjarbúar sendan bækling með nánari upplýsingum um hvað megi fara í pappírstunna. Í sorptunna má setja auglýsingapóst, bylgjupappa, pítsukassa, dagblöð, tímarit, eggjabakka, fernur, umbúðir úr sléttum pappa, morgunkornspakka og pakningar af matvælum, s.s. kexi og pasta. Tunnan er grá að lit með límmiða til að aðgreina hana frá öðrum sorptunnum. Hjá þeim heimilum sem hafa í dag tvær eða fleiri gráar tunnur ætti að vera hagkvæmast að skila einni þeirra og fá í staðinn tunnu fyrir endurvinnsluefni. Það sama gildir um fjölbýlishús þar



sem eru fleiri en eitt kar, þá er rétt að skipta hluta þeirra út fyrir endurvinnsluefni. Sérfræðingar Gámaþjónustunnar, sem annast sorphirðu á Seltjarnarnesi, munu ganga í hús eftir að bæklingnum hefur verið dreift og fræða íbúa nánar um þessa breytingu. Losun almenns sorps fer fram á 14 daga fresti eins og verið hefur á Seltjarnarnesi. Losun pappírstunna fer fram á 28 daga fresti. Stefnan er Pappírstunna við hvert heimili og aukin flokkun úrgangs frá heimilum á Seltjarnarnesi sem er ávinningur fyrir alla.

# NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

**ora**  
Ástríða í matargerð

**ANANAS**

**SUÐRÆNT OG SEIÐANDI - Á GRILLIÐ**

# Þjóðhátíð í Bakkagarði

**Þ**jóðhátíðardeginum verður fagnað undir berum himni á Seltjarnarnesi í fyrsta skipti um langt skeið eða í Bakkagarði. Bakkagarður stendur við Suðurströnd og var sérstaklega hannaður utan um bæjarsamkomur sem þessar, en vel hefur gefist að koma þar saman og fagna tímamótum í skólastarfinu eins og börnin í bænum kannast vel við. Að sögn Soffíu Karlsdóttur sviðsstjóra menningar- og samskiptamála á Seltjarnarnesi, sem stýrir hátíðarhöldunum að þessu sinni, er hún spennt fyrir að færa hátíðina út.

„Ég held að við getum nýtt þennan fallega garð mun betur en gert hefur verið og áhersla verður lögð á að hafa allt svæðið lifandi með leikjum sem reyna bæði á huga og hönd. Auk þeirrar nýbreytni að færa dagskrána út þá ætlum við að freista þess að vera með tónleikadagskrá um kvöldið og skorum á Seltirninga og nággranna að fjölmenna. Fjölskyldudagskráin að deginum verður bæði lengd og þétt og fer að mestu fram í kringum garðinn, en eins og endranær verður hún sniðin að ungu kynslóðinni. Meðal þeirra sem við sjáum á sviðinu eru stuðboltarnir úr Pollapönki, trúðinn Wally, sem leikur listir sínar fyrir og með áhorfendum, Selma Björns, Friðrik Ómar og Regína Ósk flytja okkur flotta Eurovisionsyrpu, Birkir Örn Karlsson sigurvegari úr Dans dans dans dansar og sýnir glæsilega dansa ásamt Raket Matthíasdóttur og söngkonan Margrét Aðalheiður Önnu og Þorgeirsdóttir syngur ásamt öllum þremur kórnum hennar Ingu Bjargar Stefánsdóttur. Þá má ekki gleyma að nefna gleðigjafann hann Góa, eða Guðjón Davíð Karlsson leikara sem börnin þekkja vel en hann verður kynnrir og á örugglega eftir að koma á óvart. Að sjálfsögðu verðum við líka á hefðbundnum nótum og skörtum ungrí fjallkonu og ávarpi frá forseta bæjarstjórnar, Lárusi B.



Margt verður um að vera í Bakkagarði á 17. júní.

Lárussyni. Björgunarsveitin Ársæll og siglingaklúbburinn Sigurfari munu bjóða upp á bátasiglingar frá kl. 10 til 12 en það er þó háð veðri eins og ævinlega. Sr. Bjarni Þór Bjarnason verður með hátíðarguðspjónustu í Seltjarnarneskirkju kl. 11 með þátttöku Rótarýfélaga á Seltjarnarnesi og eru nýstúdentar hvattir til að fjölmenna með hvíta kollinn. Kirkjukaffi verður að lokinni messunni.“

## Skrúðganga frá Mýró niður í Bakkagarð

Soffía segir að skrudngangan muni að þessu sinni leggja upp frá Mýrarhúsaskóla og hefst hún kl. 13. Gengið verður fylktu liði með Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness eftir Skólabrautinni, norður fyrir Valhúsaskóla og niður í Bakkagarð þar sem hátíðahöldin hefjast þegar þangað er komið. „Á meðan á hátíðinni í Bakkagarði stendur munum við loka Suðurströnd frá Steinavör að Bakkavör þannig að börnin eiga að geta leikið sér áhyggjulaus á svæðinu,“ segir Soffía. „Þó mun strætó fara um í fylgd gæslufólks. Sunnan við Suðurströndina verðum við með hestamatningar frá kl. 14 til 15,

en í garðinum sjálfum munum við koma upp fjölbreyttum og óvenjulegum leikja- og sölustöðvum. Þar verður hægt að skyggast inn í framtíðina hjá spákonu, spreyta sig á visnagátum, leita tengsla við aðra gesti á staðnum, kveðast á, fara í frúnna í Hamborg, sippa, hulla og margt, margt fleira.“ Aðspurð segir Soffía að Seltjarnarnes sé ekki í samkeppni við hátíðina í höfuðborginni, „enda er um tvennt ólíkt að ræða. Ég held að margir kunni að meta nálægðina og þau þægindi sem fylgja því að hafa skemmtanahöldin á einum stað.“

Ég sé fyrir mér að gestir geti mætt með teppi og haft það huggulegt og börnin geta leikið lausum hala um svæðið. Klukkan átta um kvöldið verður létt tónleikadagskrá fyrir fjölskylduna frá kl. 20 til 22 þar sem hugmyndin er að hittast og hafa gaman saman. Þar mun meðal annars koma fram hljómsveitin Útidúr, sem er margmenn og blönduð hljómsveit og að mestu skipuð Seltirningum. Bandið er nýlega komið heim úr tónleikaferðalagi um Þýskaland og verður spennandi að hlusta á þá. Dýri Guðmundsson er Seltirningum að góðu kunnur og ætla hann félagar hans einnig að sjá um góða stemningu. Það kemur svo í ljós hvort fleiri góð bönd stígi á svið. Soffía hvetur alla Seltirninga sem eiga þess kost að fjölmenna á viðburðina. „Þetta er sannkölluð bæjarhátíð, sem stendur frá morgni til kvölds og það er um að gera að njóta dagsins í góðra vina hópi, dagskráin er fjölbreytt og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir hún að lokum.

**NES FRÉTTIR**

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

## MIKLABORG

### Vantar 3ja til 4ra herbergja

Fasteignasölu Miklaborg hefur verið falið að leita að 3ja til 4ra herbergja íbúð á Seltjarnarnesi. Kostur ef það væri lyfta eða ekki margar tröppur. Um er að ræða sterkar greiðslur fyrir réttu eignina.



Nánari upplýsingar veitir  
**Ólafur Finnbogason**, Sölufulltrúi  
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307



**Óskar R. Harðarson**  
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN  
**MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13** [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



**OPNUM HEILSUHOF**  
V/ SUÐURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)  
**15. JÚNÍ KL. 12.00**

Opið 17. júní:	11 - 16
Virka daga:	8 - 18
Laugardagar:	10 - 16

sjá nánar á [www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)

Viðtal við Stein Arnar, Önnu Lilju, Katrínu Sigríði og Guðmund Andra

# Ekki lengur fínt að vera fullur

Í síðasta tölublaði Nesfrétta var greint frá því að grunnskólanemar á Seltjarnarnesi reyktu hvorki eða drykkju. Þetta er niðurstaða Rannsóknna og greiningar sem unnið hafði athugun á þessu máli. Fyrir nokkrum árum bar talsvert á unglindrykkju á Seltjarnarnesi og nokkuð var um reykingar á meðal skólafólks. Sá árangur sem náðst hefur er talinn nær einstakur að þessu leyti þegar eitt samfélag á í hlut. En hvernig fóru Seltirningar að því að snúa lífi ungmenna til betri vegar að þessu leyti á svo skömmum tíma eða frá síðustu aldamótum. Nesfréttir fengu fjögur ungmenni þau; Andra Sigurjónsson, Önnu Lilju Björnsdóttur, Katrínu Sigríði Þorsteinsdóttur og Stein Arnar Kjartansson til þess að spjalla um málið.

Þau segja það rétt sem kemur fram í þessari könnun að fullir krakkar eða reykjandi í skotum sjást ekki lengur á Seltjarnarnesi og það sé margt sem kemur til og hafi hjálpast að við að snúa þeirri þróun, sem var orðin að veruleika til betri vegar. „Þar held ég að 16+ starfið eða félagsstarf fyrir ungmenni 16 ára og eldri eigi stóran hluta að máli. Þetta starf byrjaði árið 2009 og ungmenni úr þessum aldurshóp hafa hist vikulega í nokkur ár rétt eins og yngri árgangarnir,“ segir Anna Lilja. Katrín tekur undir og segir að tilkoma ungmennaráðsins hafi einnig skipt mjög miklu máli. Þær segja margt hafa breyst eftir að Margrét Sigurðardóttir tók við forstöðu Selsins. „Magga kom hingað 1997 og fór fljótlega að breyta starfinu og fá krakka á aldrinum 13 til 16 ára til liðs við það. Krakkar í efstu bekkjum grunnskólans voru farin að prufa að drekka og þegar kom á framhaldsskólastigið jókst þetta háttalag þeirra. Alltaf er hætta á að drykkjan verði hluti af hópmyndun og þeir sem ekki vilja vera með lendi utan hópsins og þegar svo var komið að um 60% framhaldsskólanema á Seltjarnarnesi voru farnir að drekka áfengi var ljóst að eitthvað yrði að gera,“ segir Katrín.



Steinn Arnar Kjartansson, Anna Lilja Björnsdóttir, Katrín Sigríður Þorsteinsdóttir og Guðmundur Andri Sigurjónsson. Myndin er tekin í Selinu en það kemur við sögu í þessu spjalli.

## Ungmennahús – enn fleiri möguleikar til áfengislausrar starfsemi

Þau Anna Lilja, Katrín og Andri segja að stofnun ungmennaráðsins hafi valdið umskiptum að þessu leyti. Þar hafi krakkar sem eru orðnir 16 ára og eldri fengið sinn eigin vettvang. „Ég held af þessari reynslu sé ljós nauðsyn þess að leggja áherslu á skipulagt félagsstarf fyrir aldursbilið 16 til 18 ára og búa þessum aldurshópum aðstæður og ákveðna umgjörð sem gerir þeim kleift að taka þátt í ýmiskonar verkefnum og félagslífi á heilbrigðum forsendum. Ég er í engum vafa um að þetta starf hefur fyrirbyggjandi áhrif. Nú þarf að leggja áherslu á að og styðja við unglíngu undir 18 ára. Ég er þó ekki að segja að þetta sé félagsstarfinu einu að þakka að þessi árangur hefur náðst heldur sú samheldni sem er ríkjandi í samfélaginu sem hefur fyrirbyggjandi áhrif í heild sinni,“ segir Andri. Anna Lilja og Katrín segja að mun fleiri komi nú og taki þátt í verkefnum á vegum

ungmennaráðsins en áður. „Fyrstu árin var kosið í ráðið en nú er búið að opna það þannig að allir sem eru á þessum aldri geta komið og lagt sitt af mörkum. Ég held að þetta hafi skipt miklu máli. Verkefni hafa orðið til hér í félagsmiðstöðinni og starfið kostað af fjárveitingu þess. En nú er bæjarfélagið að koma meira að þessum málum með opnun sérstaks ungmennahúss á komandi hausti. Með því verður stigið enn eitt skrefið til þess að efla þetta starf. Ég held líka að mjög gott hafi verið að fá þessa könnun og þær hreinu og kláru niðurstöður sem þar koma fram áður en húsið verður opnað. Niðurstöðurnar fela í sér skýr skilaboð um hvert skuli stefna í starfsemi þess. Þarna mun opnast enn fleiri möguleikar til félags- og tómstundastarfs án áfengis og vímuefna,“ segir Andri. Við höldum utan um nokkra dansleiki eða böll á hverju ári og svo er mikið um samstarf við eldri borgarana á Nesinu. Við höfum staðið fyrir styrktartónleikum, jólakaffihlaðborðum og ýmsum öðrum samkomum og viðburðum

sem einkennast af því að áfengi eða önnur vímuefni eru víðs fjarri, segja Anna Lilja og Katrín og bæta við að mikið að starfinu fari í undirbúning hinna ýmsu viðburða. „Starfið keyrir krakkana saman. Í stað þess að vera að sulta fer mikill tími í fundi og ýmiskonar reddingar og þau læra mikilvægi þess að vera hluti af hópnum. Þessir viðburðir og ekkert síður undirbúningurinn að þeim verður hluti af daglegri tilveru þeirra.“

## Fyrirmyndir frá Lundi

Þau Andri, Anna Lilja og Katrín víkja því næst nokkuð að málefnum ungs fólks í Svíþjóð en þaðan eru sumar af hugmyndum ungmennastarfsins á Seltjarnarnesi fengnar. „Við höfum lært margt af starfi ungmennaráðsins í Lundi í Svíþjóð en það hefur verið starfandi frá árinu 2000 og því komin umtalsverð reynsla á starfsemi þess,“ segir Andri og Anna Lilja og Katrín, bæta við að starfinu þar sé skipt niður í afmarkaða hópa. „Þetta er fyrirkomulagið en svona starf



verður ekki til á einum degi. Það þarf að byggja þetta smám saman upp. Þótt Lundur sé ekki stórborg þá er hún umtalsvert stærri en Seltjarnarnes en fyrirkomulagið hentar vel á fámennum stoðum á borð við Nesið. Vegna þess hversu samfélagið á Nesinu er lítið þá þekkt fólk mikið innbyrðis og allir geta í raun talað við alla. Hér er ekki mikið um klíkur ungmenna heldur einkennist samfélagið af því að enginn er skilinn útundan.“

### Margrét hefur unnið frumkvöðlastarf

Þau segja lítið um einelti í Grunnskóla Seltjarnaress og auðvelt að grípa inn í verði þess vart. Það auðveldi þetta starf til muna. „Starfið hér í Selinu er líka ákaflega mikilvægt. Fólk mætir, fær verkefni og það verður til ákveðið traust á milli krakkanna,“ segja þær Anna Lilja og Katrín. Andri bendir á mikilvægi uppbyggingarinnar. „Við erum að skipuleggja viðburði þar sem hver fær sitt verkefni til þess að leysa og fólk fær ákveðið hlutverk þannig að hver er að gera það sem hann er bestur í. Krakkarnir eru að klippa myndbönd

svo dæmi sé tekið aðrir eru að leika og syngja. Allir hafa einhverja hæfileika hvar sem þeir eru staddir í lífinu. Málið er að finna þá og nýta í starfinu. Í því fellst ákveðin snilld, segir Andri“ Anna Lilja og Katrín víkja nánar að Selinu og segja að Margrét Sigurðardóttir forstöðukona félagsmiðstöðvar ungmenna á Seltjarnarnesi eigi mikinn þátt í því hversu vel hafi tekist til. „Hún hefur unnið mikið frumkvöðlastarf við að skipuleggja ungmennastarfið og hefur metnað sem smitar út frá sér í krakkana. Engu líkara er en að hún eigi heima hér í félagsmiðstöðinni enda aldrei kölluð annað en Magga í Selinu.“ Þær benda á að bæjarfélög þurfi að bjóða börnum og ungmennum aðstöðu til þess að geta komi saman, iðkað félagslíf á heilbrigðum nótum og skemmt sér án þess að áfengi eða önnur vímuefni komi við sögu. „Við teljum Seltjarnarnes ákjósanlegt samfélag til þess að reyna hugmyndir af þessu tagi. Samfélagið er þétt og velvilji í garð náungans er ríkjandi. Þátttaka ungmenna á Seltjarnarnesi í tómstundum og íþróttum er langt fyrir ofan landsmeðaltal í aldursflokknum 13 til 16 ára. Fólk áttar sig ef til vill ekki alltaf

á því að æskulýðsstarf er ekki lögverndað. Sveitarfélögunum ber ekki lagaskylda til þess að sinna því eða láta ungmennum aðstöðu í té til þess að sinna félagslífi. Við búum að því leyti góða aðstöðu.“

### Ekki lengur fint að vera fullur

Steinn Arnar bættist í hópinn þegar hér var komið sögu. Hann segir að ungmennaráðið sé sameiginlegur vettvangur sem samtvinnast í að breyta hugarfarinu. Ein stór heild verður til. Ungmennin vita hvar þau eru. Þau mynda hópinn og þekkja ekkert annað. Þau þurfa ekki lengur að finna sér afsökun fyrir að drekka ekki. Það er ekkert fint við að vera fullur og þá verður það ekkert spennandi. Þetta er mórölsk breyting og sterkasta vopnið gegn vímuefnum og áhrifin af henni fara frá einni kynslóð til annarrar. Þetta er langtímaverkefni og annað sem er mikilvægt að krakkarnir hverfa ekki úr starfinu þegar þau fara úr grunnskólanum yfir í framhaldsskólann. „Andri bætir við að megin vandinn felist í því hversu litlir fjármunir eru til starfseminnar. „Ef við berum okkur saman við Svía

þá munar miklu úr hverju þeir hafa að spila í samanburði við okkur. Tilkoma ungmennahússins mun þó fela í sér umtalsverða breytingu því það verður hrein viðbót við það ungmennastarf sem fyrir er á Nesinu.“

### Íþróttir og ungmennastarf mynda eina heild

Starf íþróttafélagsins Gróttu ber að lokum á góma. Steinn Arnar og Andri segja að þetta vinni hvort með öðru. Krakkarnir geti tengst báðum hópunum og þeir séu ekki í samkeppni hvor við annan. „Við lítum á að þetta styrki hvað annað. Gróttu er hluti af samfélagsvitundinni á Seltjarnarnesi. Krakkarnir fara á æfingar og koma svo hingað. Þetta myndar eina heild,“ segja þeir. „Það yrði lítið hornauga á þann sem myndi mæta drukkinn á æfingu eða á skólball á Seltjarnarnesi og yrði örugglega kaffitímastjall víða í bænum ef það kæmi fyrir,“ segja þær Anna Lilja og Katrín.

# LANDSLÖG

# SLYSABÆTUR

## TRAUST INNHEIMTA SLYSABÓTA FRÁ 1971

### Við könnum málið - það kostar ekkert

Hjá Landslögum starfa 20 lögmenn.  
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl., Styrmir  
Gunnarsson hdl. og Sveinbjörn Claessen  
hdl. leiða skaðabótadeild stofunnar.

# LANDSLÖG

# Mænuskaði og maraþon

Mænuskaðastofnun Íslands hefur óskað eftir því við félagi í Trimmklúbbi Seltjarnarness að þeir sem hafi tök á hlaupi til stuðnings stofnuninni í Reykjavík-ur maraþoninu í ágúst n.k. Einnig óskar stofnunin eftir liðsinna annarra Seltirninga.



Ástæða bóvarinnar er sú að stofnunin hyggst leggja grunn að söfnun vísindaupplýsinga um rannsóknir á mænunni. Prófessor við læknadeild Háskóla Íslands mun hafa umsjón með verkefninu og ráðin verður læknanemi til upplýsingaöflunar. Markmiðið er að upplýsingarnar verði skoðaðar af íslenskum og erlendum vísindamönnum og kannað hvort þar gæti legið þekking sem nýst gæti sem innlegg í þróun lækningastefnu fyrir mænuskaða. Mænuskaðastofnun hefur tekið að sér að greiða læknanemanum laun fyrir vinnu sína. Mikil vinna hefur verið innt af hendi hjá Mænuskaðastofnun Íslands frá því að hún var stofnuð árið 2007. Vinnan hefur falist í vitundarvakningu á mænuskaða innanlands og utan og í hvatningu til íslenskra stjórnvalda um að beita sér fyrir því innan alþjóðastofnanna að vísindasviði mænuskaðans verði lagt lið, en afar erfiðlega gengur að þróa lækningastefnu fyrir mænuskaða.

## Eftirfarandi árangur hefur náðst

Árið 2011 samþykkti ríkisstjórn

Jóhönnu Sigurðardóttur að Ísland myndi tala máli mænuskaðans jafnhliða áratugar átaki Sameinuðu þjóðanna gegn umferðarslysum og hefur það verið kynnt hjá Sameinuðu þjóðunum. Einnig hefur verið vakin athygli Alþjóðahelbrigðismálastofnunarinnar WHO á verkefninu. Íslandsdeild Norðurlandaráðs og Velferðaráðuneytið hafa nú fengið samþykkt að mænuskaði verði eitt af forgangsverkefnum ráðherranefndar Norðurlandaráðs næstu árin. Samþykkt hefur verið að mænuskaði verði eitt af áhersluatriðum Íslands í formennskutíð þess hjá Norðurlandaráði árið 2014 og er ofangreind upplýsingasöfnun liður í þeim undirbúningi. Í stjórn Mænuskaðastofnunar Íslands sitja: Auður Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur og stjórnarformaður, Guðrún Ögmundsdóttir félagsráðgjafi, Harpa Arnardóttir leikstjóri, Sigurður Valtýsson hagfræðingur og Soffía Arnardóttir framkvæmdastjóri. Varastjórnarformaður er Guðrún Dóra Bjarnadóttir lækni og faglegur ráðgjafi er Ingvar Hákon Ólafsson heila- og taugaskurðlæknir. Stjórnin starfar launalaust.



## Jónsmessuganga fyrir alla fjölskylduna

Jónsmessuganga verður farin mánudaginn 24. júní kl. 18 til 20 en eins og mönnum er kunnugt um er Jónsmessunótt ein af mögnuðustu nóttum ársins. Henni fylgir ýmis konar náttúrufrú, meðal annars að kúr tali og selir fari úr hömum sínum. Þessa nótt á að vera gott að leita töfragraa og náttúrusteina og eins þykir Jónsmessudöggin heilnæm til lækninga. Alls þessa og enn fleira eiga Seltirningar nú kost á að njóta í árlegri

Í göngunni verður horfið aftur til fortíðar, skyggst inn í líf og menningu á Seltjarnarnesi, fornleifafræðingur sýnir og segir

frá fornleifauppgreftri, sem nú stendur yfir við Móakot og börnum boðið að taka þátt í spennandi ratleik þar sem gátur um jurtir koma við sögu. Forvitnilegar frásagnir af lækningamætti jurta í Urtagarðinum verða raktar og þjóðsögur sagðar með hjálp heimamanna. Jónsmessugangan er sérstaklega sniðin að fjölskyldufólki að þessu sinni og lýkur með söng og harmonikkuleik við varðeld og veitingum sem seðja og ylja í boði Hitaveitu Seltjarnarness. Safnast verður saman við nýja safnhúsið (áður Lækningaminjasafn) sem stendur við Nesstofu.

# NES FRÉTTIR

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

## Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

**Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur**

## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - [www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)

# Alls 215 nemendur í tónlistarskólanum í vetur

Tónlistarskóla Seltjarnarness var slitið mánudaginn 27. maí í Seltjarnarneskirkju fyrir fullu húsi. Lúðrasveit eldri nemenda hóf dagskrána af miklum krafti en síðan gerði skólastjórinn Gylfi Gunnarsson grein fyrir starfi vetrarins. Í máli hans kom fram að 215 nemendur voru við nám í skólanum í vetur. Aðsókn að skólanum er gríðarlega mikil, en reynt hefur verið að verða við öllum umsóknum sem berast. Við skólann eru starfræktar tvær lúðrasveitir auk nokkurra annarra minni hljómsveita og samspilshópa. Píanó er enn sem fyrr vinsælasta hljóðfærið, en 64 nemendur stunduðu nám í píanóleik. Þar næst kemur svo gítar, en við skólann geta nemendur lagt stund á klassískan gítarleik og auk þess lært á rafgítar.

Í skólanum er rekin öflug forskóladeild fyrir börn í fyrsta og öðrum bekk grunnskólans. Ólöf María Ingólfssdóttir kennir tónlist á vegum Tónlistarskólans í leikskólum bæjarins.

Tónlistarskóli Seltjarnarness hefur þá sérstöðu að nemendur geta bæði stundað nám í klassískum og rytmískum hljóðfæraleik. Margir nemendur luku áfangaprófum á skólaárinu eða alls 23. Þar af 19 sem luku grunnprófi og tveir miðprófi. Það er mikið gleðiefni að tveir nemendur skólans luku framhaldsprófi, Magnús Orri Dagsson á



Frá útskrift Tónlistarskóla Seltjarnarness.

klassískan gítar, nemandi Hinriks Bjarnasonar, og Björgvin Ragnar Hjálmarsson tenórsaxófónleikari,

nemandi Hauks Gröndal, sem lauk framhaldsprófi í rytmískri tónlist. Á skólaslitunum lék Magnús Orri

verk eftir Villa Lobos við mikla hrifningu gesta. Björgvin var fulltrúi skólans á Nótunni uppskeruhátíð tónlistarskólanna sem fram fór í Hörpu í apríl sl. Af því tilefni útsetti Björgvin nokkur íslensk þjóðlög fyrir hljómsveit og kallaði Sprengisandshviðu.

Katrín Pálsdóttir formaður menningarnefndar Seltjarnarness afhenti Magnúsi Orra viðurkenningu nefndarinnar fyrir frábæran námsárangur.

Skólastjóri afhenti síðan nemendum sem luku áfangaprófum prófskírteini sín. Gríðarleg vinna liggur á bak við hvert og eitt einasta áfangapróf svo nemendur voru glaðir í bragði er þeir fengu skírteinin afhent. Foreldrar voru vissulega stoltir af börnum sínum enda eiga þeir drjúgan þátt í góðum árangri því stór hluti tónlistarnámsins fer einmitt fram heima. Gylfi Gunnarsson sleit síðan Tónlistarskóla Seltjarnarness skólaárið 2012 til 2013.

**SIBA**  
**ÞAKRENNUKERFI**  
 á öll hús – allsstaðar  
 Úrval lita á lager



Þú nærð árangri  
með Plannja þakrennum

**BLIKKÁS – FUNI**  
 Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700  
 www.funis.is – www.blikkas.is

## Gömlu fötin verða tískuflíkur



Nemendur í valáfanga í saumum voru með tískusýningu í dag þar sem afrakstur vetrarstarfsins var sýndur. Hluti vinnu þeirrar var að endurhanna notuð föt sem keypt voru hjá Hjálpræðishernum.

Nokkrir nemendur í 7. bekk sýndu að auki svuntur sem þeir saumuðu í vetur. Gaman að sjá hvernig gömlu fötin breytast í tískuflíkur í höndunum á þessum hæfileikaríku krökkum.

## Félags- og tómstundastarf eldri bæjarbúa

Glæsileg handverkssýning eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi var haldin í húsakynnum tómstundastarfsins að Skólalbraut 3-5 dagana 31. maí og 1. júní. Sýningin var fjölbreytt og fallega sett upp. Að sýningunni kom hópur handavinnukvenna, leir- og listahópur ásamt glerlistahópi og timburmönnum. Almenn ánægja var með sýninguna en það mættu vel á þriðja hundrað gestir. Sala á varningi gekk ágætlega ásamt kaffi og vöfflum sem mæltist vel fyrir. Segja má, að með handverkssýningunni ljúki hinu eiginlega vetrarstarfi og við tekur sumardagskrá. Í sumar eins og undanfarin tvö sumur fáum við að njóta starfskrafta ungs skólafólks sem bærinn ræður til vinnu í samvinnu við félagsmiðstöðina Selið. Nú liggur fyrir dagskrá sem þau hafa sett saman og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

### Tölvunámskeið:

Námskeið fyrir byrjendur 24. júní – 4. júlí og 8. – 18. júlí. Framhaldsnámskeið 22. júlí – 1. ágúst. Mánudagar til fimmtudagar kl. 10 – 12. Seltjarnarnes býður upp á þessi námskeið þér að kostnaðarlausu og eru þau haldin í tölvuveri Mýrarhúsaskóla. Skráning í síma 5959-100.

### Heilsubóta og skemmtiganga:

Alla mánudaga og miðvikudaga. Lagt verður af stað frá Skólalbraut kl. 13.30.

### Krókurinn Skólalbraut:

Kaffisþjall alla virka morgna kl. 10.30.

### Salurinn Skólalbraut:

Opinn handavinnudagur án leiðbeinanda alla mánudaga kl. 13.00. Handverksfólk hvatt til að koma saman.

### Jóga:

Alla mánudaga og fimmtudaga kl. 11.00.

### Sundlaug Seltjarnarness:

Vatnsleikfimi mánudaga og miðvikudaga kl. 18.30. Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 07.15.

### Púttvöllur:

Í allt sumar verður opinn púttvöllur við Skólalbraut.

### Skólalbraut:

Alltaf eitthvað um að vera á fimmtudögum. Óvæntar uppkomur svo sem félagsvist, bingó, bíó og fleira. Allt auglýst með göðum fyrirvara.

### Boccia og púttleikur:

Alla þriðjudaga verður annaðhvort boccia eða pútt kl. 13.30.

Fylgist með auglýsingum í Morgunblaðinu, Nesfréttum og inni á seltjarnarnes.is. Einnig hanga auglýsingar uppi á Skólalbraut og í Eiðismýri.

### Landmannalaugar

Sumarferð eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi. Fimmtudaginn 27. júní n.k. verður farin dagsferð í Landmannalaugar. Lagt verður af stað frá Skólalbraut kl. 9.00. Ekið verður inn á Landmannaleið um Dómadal og inn í Landmannalaugar. Í bakaleiðinni um Sigöldu og gegnum Þjórsárdalinn. Hádegishressing verður í Landmannalaugum og kvöldverður á veitingastaðnum Hestakránni. Leiðsögumaður er Kristján M. Baldursson. Innifalið í verðinu sem er kr. 12.000,- er rúta, leiðsögumaður, aðgangur í Landmannalaugar, hádegishressing og kvöldverður. Skráning og allar nánari upplýsingar gefur Kristín í síma 8939800 en síðasti skráningardagur er föstudagurinn 21. júní.

Gleðilegt sumar.

## UMHVERFISHORNID

### Fuglaskoðun

Laugardaginn 18. maí sl. stóð umhverfisnefnd Seltjarnarness fyrir fuglaskoðun við Bakkatjörn og Suðurnes. Þó veður væri allkuldalegt mætti góður hópur fuglaskoðenda. Jóhann Óli Hilmarsson formaður Fuglaverndar var leiðsögumaður og benti á hinar ýmsu tegundir fugla. Að kynningu lokinni fór hópurinn í kaffi til Krissa hjá Golfklúbbi Ness, en Krissi rekur veitingasölu í NK – gestir og gangandi ættu endilega að nýta sér þetta góða kaffihús. Eftir kaffið talaði Jóhann Óli nánar um fuglalífið og sérstaklega kríuna. Einnig talaði Ágúst Ragnarsson golfáhugamaður um fuglalífið á golfvellingum og umhverfisstefnu NK.



### Útskrift við Valhúsaskóla

5. júní sl. var útskrift nema í 10. bekk Valhúsaskóla. Að venju veitti umhverfisnefnd Seltjarnarness þrenn bóka-verðlaun fyrir frábæran árangur í náttúrufræðum. Að þessu sinnu fengu eftirtaldir nemendur viðurkenningar: Haukur Húni Árnason, Hjördís Lára Baldvinsdóttir og Sæmundur Ragnarsson.



### Garðaskoðun

Þriðjudaginn 4. júní barst bæjarbúum póstur þar sem óskað er eftir aðstoð við að velja fegursta garðinn, fegurstu götuna, eldra uppgert hús eða tré. Vinsamlegast komið ábendingum til Steinunnar garðyrkjustjóra Seltjarnarness á netfangið steinunn@seltjarnarnes.is eða á þjónustuver bæjarins í síma 595 9100 fyrir 24. júní nk.



F.h. umhverfisnefndar,

Margrét Pálsdóttir, formaður.

**Ræstingar / Teppahreinsun**  
**Steinteppahreinsun / Bónvinna**  
**Meðhöndlun Náttútusteins**  
**Hreingerningar / Flutningsþrif**  
**Húsfélagþjónusta ofl.**

**Ræsting og Ráðgjöf ehf**  
**Alhliða hreingerningarþjónusta**  
**S. 519 7500 • 770 4630**



Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar  
Til styrktar kirkjusjóði Seltjarnarneskirkju  
Þau fást á Bajarsskrifstofu Seltjarnarness  
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100

# Endurbætur á Bakkavararhöfn

Nú er unnið að endurbótum á höfninni við Bakkavör á Seltjarnarnesi. Áætlað er að verja á bilinu tveimur til þremur milljónum til verksins sem einkum felst í lengingu hafnargarðsins um 30 metra.

Grjótið sem notað er til verksins er fengið ofan úr Þverholti í Reykjavík þar sem Búseti er að byggja blokkaríbúðir á gömlu Hampiðjulóðinni. Sigurður Ólafsson vélfræðingur og stafsmaður Faxaflóahafna hefur ákveðnar hugmyndir um á hvern hátt þurfi að endurbæta höfnina á Seltjarnarnesi til þess að hún þjóni ætluðum tilgangi og þar á meðal er að dýpka þurfi hana. Nesfréttir kynna hugmyndir Sigurðar í myndum sem hann tók nýverið við Bakkavör.

ir um á hvern hátt þurfi að endurbæta höfnina á Seltjarnarnesi til þess að hún þjóni ætluðum tilgangi og þar á meðal er að dýpka þurfi hana. Nesfréttir kynna hugmyndir Sigurðar í myndum sem hann tók nýverið við Bakkavör.



Hér má graf út úr höfninni og græða síðan sárið.



Hugmyndir Sigurðar um endurbæta höfn á Seltjarnarnesi svo þjóni betur ætluðum tilgangi eru m.a. að stækka höfnina eins og rauða línan sýnir og lækka landið eins og guli flöturinn sýnir.



Hér má sjá hversu grunnt er í höfninni á fjöru. Bátar eru næstum á þurru.



Þjörgunarskip Landsbjargar eiga í erfíðleikum með að nýta höfnina nema á háflóði.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

**Sævar**  
Bíla- og bátarafmagn  
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi




**ÚTFARARÞJÓNUSTA**

**Vönduð og persónuleg þjónusta**

Sími: 551 7080 - 691 0919  
athofn@athofn.is - Akralandi 1 - 108 Reykjavík



Inger Steinsson  
Inger Rós Ólafsdóttir



## Vetrarstarfinu lauk með innanfélagsmóti



Glæsilegur fimleikahópur.

Vetrarstarfi fimleikadeildar Gróttu lauk með innanfélagsmóti dagana 24. og 25. maí. Allir iðkendur deildarinnar 6 ára og eldri tóku þátt í mótinu og sýndu hvað þeir hafa lært í vetur. Keppnin hófst á föstudegi en þá kepptu þeir hópar sem að tóku þátt í áhaldafimleikamótum á vegum FSÍ í vetur.

Keppendum í þessum hluta var skipt í fimm lið, þar sem að í hverju liði voru keppendur úr mismunandi þrepum Fimleikastigans. Keppendur gáfu liðinu sínu nafn og fönnduðu fána og búninga fyrir innmars. Þetta fyrirkomulag heppnaðist mjög vel og úr varð skemmtileg keppni þar sem að liðið Mína mús sigraði með 203,6 stig, í 2. sæti varð liðið Súperstjörnurnar með 203,1 stig, í 3. sæti varð liðið Nadia með 199,95 stig, í 4. sæti varð liðið Fimleikastrumparnir með 199,7 stig og í 5. sæti varð liðið Fimleikastjörnurnar með 194,2 stig. Í þessum mótshluta var einnig keppt um Gróttumeistararitla í þrepum Fimleikastigans og urðu úrslitin eftirfarandi:

2. þrep – Selma Eir Hilmarsdóttir sigraði með 47,2 stig

3. þrep – Sóley Guðmundsdóttir og Sunna Kristín Ríkarðsdóttir sigruðu með 57,1 stig

4. þrep – Katrín Sigurðardóttir sigraði með 52,3 stig

5. þrep – Katrín Aradóttir sigraði

með 56,0 stig

4. þrep kk – Símon Kristjánsson Sullca

5. þrep kk – Maximo Max Agueda

Laugardagurinn hófst snemma, keppt var í stóra salnum og fimleikasalnum samtímis. Sex ára börnin byrjuðu í stóra salnum og sýndu listir sínar. Á sama tíma voru 8 til 10 ára stúlkur inni í fimleikasalnum að spreyta sig á 5. og 6. þrepi Fimleikastigans og fengu allar verðlaun fyrir sitt besta áhald. Næst tóku 7 til 9 ára stúlkur við í stóra salnum og sýndu 6. þrep á öllum áhöldum og á sama tíma voru drengir á þessum aldri að sýna æfingar sínar inni í fimleikasal. Deginum lauk svo með sýningu allra hóp fimleikahópa Gróttu, en yfir 60 stúlkur á aldrinum 10-16 ára æfa hóp fimleika hjá deildinni. Hóparnir sýndu keppnisæfingar sínar á gólfi, dýnu og trampólíni. Alls tóku yfir 300 börn þátt í mótinu þessa tvo daga. Allir fengu verðlaun í lok dags og fóru glaðir inn í sumarið. Skráning fyrir næsta vetur hefst þann 1. ágúst á www.grottasport.is. Það er mjög mikilvægt að skrá börnin fyrir miðja ágúst til þess að þau komist að hjá deildinni. Iðkendum hefur fjölgað mikið síðustu ár og nú er svo komið að það þarf að takmarka fjölda iðkenda vegna stærðar salarins.

## Íslandsmótin að hefjast

Nú er fótboltasumarið hafið og yngri flokkarnir byrjaðir að keppa á Íslandsmóti. 4. flokkur karla reið á vaðið með góðum 3-1 sigri á ÍR en síðan þá hafa fylgt jafntefli við Þrótt og Álftanes og Gróttustrákar því ósigraðir eftir þrjá leiki.

3. flokkur karla sigraði Dalvík í fyrsta leik 4-3 eftir að hafa komist 4-0 yfir og halda norður í land í keppnisferð um næstu helgi. 2. flokkur karla átti slakan dag á móti sameinuðu liði Hattar og Fjarðabyggðar og tapaði 2-0 á heimavelli. Stelpurnar í 2. flokki töpuðu fyrir Fjölni í fyrsta leik en slógu svo algjörlega í



Helga Vala og Viðar.

gegn með frábærum 3-2 sigri á Fylki í dramatískum leik á Gróttuvelli.

## Sofía í Knattspyrnskóla KSÍ á Laugarvatni

Sofía Elsie Guðmundsdóttir var í júní fulltrúi Gróttu í Knattspyrnskóla KSÍ á Laugarvatni.

Þar fær hvert félag að senda eina 14 ára stúlkuna í 5 daga æfingabúðir undir stjórn landsliðsþjálfara sem haldnar eru við bestu aðstæður á Laugarvatni ár hvert. Sofía er á eldra ári í 4. flokki en hún leikur einnig með 2. flokki og skoraði meðal annars tvö mörk í glæsilegum sigri Gróttustelpnanna á Fylki um daginn.



## Domino með fjögur gull

Dominiqua Alma Belányi kom heim frá Luxemborg með fjögur gull og eitt brons en hún var í landsliðið Íslands á Smáþjóðaleikunum í Luxemborg og stóð sig frábærlega. Hún vann fjögur gull og eitt brons á leikunum, flest verðlaun allra í kvennakeppninni.

Domino sigraði örugglega í fjölpaupt með 48,800 stig, í 2. sæti varð Aline Bernar frá Luxemborg með 46,800 stig og í 3. sæti varð Thelma Rut Hermannsdóttir með 46,750 stig. Domino keppti til úrslita á tvíslá, slá og gólfi. Þar sigraði hún á tvíslá og gólfi og varð í 3. sæti á slá. Í liðakeppninni sigraði íslenska kvennaliðið með



yfirburðum, í liðinu voru auk Dominoar þær Hildur Ólafsdóttir, Jóhanna Raket Jónasdóttir, Norma Dögg Róbertsdóttir og Thelma Rut Hermannsdóttir.



GETRAUNANÚMER  
GRÓTTU ER  
170

## Ingimundur og Fanney kepptu í Litháen

Tveir keppendur þau Ingimundur Björgvinsson og Fanney Hauksdóttir tóku þátt í heimsmeistaramótinu í bekkpressu fyrir hönd Íslands sem fram fór í Litháen þann 20. til 25 maí sl. en hafa þau oft verið kennd við grjót.

Fanney keppti 63 kg flokki unglinga og reyndi við 110 kg í fyrstu umferð en lyftan var dæmd ógild. Hún lét það ekki stoppa sig og dundaði þeirri þyngd upp í annarri tilraun. Þá var komið að þriðju umferð, 115 kg sem fóru auðveldlega upp. Fanney var mjög nálægt því að lenda í verðlaunasæti en keppendur í öðru og þriðja sæti lyftu báðir 117,5kg. Þetta verður að teljast mjög góður árangur og það er klárt mál að hún á nóg inni.

Ingimundur keppti í 105 kg opnum flokki. Hann lyfti 250 kg í fyrstu umferð sem er jafnframt nýtt Íslandsmet. Bætti hann þar með gamla metið sitt um hvorki



meira né minna en 10 kg sem er gríðarlega öflug bæting. Í annarri umferð reyndi hann við 260 kg en lyftan var dæmd ógild. Í þriðju tilraun reyndi hann svo við 265 kg en hún var einnig dæmd ógild vegna mistaka stangarmanna sem tóku stöngina of fljótt af honum. Vegna þessa fékk hann að reyna aftur við sömu þyngd en hún fór ekki upp þann daginn. Flokkurinn hans var mjög sterkur en sigurlyftan var 312,5kg. Ljóst er að Gróttta er með keppendur sem eru á heimsmeilivarða og verður gaman að fylgjast með þeim í komandi framtíð.

## Gróttumyndir á netinu

Eyjólfur Garðarsson, ljósmyndari hefur á síðustu árum mætt á flest alla leiki Gróttu í hand- og fótbolta. Eyjólfur hefur tekið mikið af myndum en þær eru öllum aðgengilegar á þessari vefslóð. Endilega skoðið þetta skemmtilega efni.

<https://plus.google.com/photos/115000968657302048457/albums?banner=pwa>

## MIKLABORG

### Mikil sala – vantar eignir

Mikil sala hefur verið á íbúðum, hæðum og minni raðhúsum á Nesinu á síðustu misserum. Er með langan kaupandalista á eignum á Nesinu. Bæði er um að ræða bein kaup sem og möguleika á að stækka/minnka við sig.

Nánari upplýsingar veitir  
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi  
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307



Óskar R. Harðarson  
hdl. og löggiltir fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Hjördís Lára Baldvinsdóttir en hún hlaut á dögnum viðurkenningu umhverfisnefnd Seltjarnarness fyrir frábæran árangur í náttúrufræðum á lokaprófi 10. bekkjar í Valhúsaskóla.

**Fullt nafn?** Hjördís Lára Baldvinsdóttir.

**Fæðingardagur og ár?** 17. ágúst. 1997.

**Starf?** Starfsmaður á Metro.

**Farartæki?** Ég ferðast alltaf á gulri limmósínu, númer 11.

**Helstu kostir?** Metnaðagjörn og heiðarleg.

**Eftirlætis matur?** Tortillas klikkar seint.

**Eftirlætis tónlist?** Ég hlusta eiginlega bara á allt.

**Eftirlætis íþróttamaður?** Alexander Peterson.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?** ÍNN og Sunnudagsbíó á RÚV.

**Besta bók sem þú hefur lesið?** Harry Potter og Hunger Games seríurnar eru sníll.

**Uppáhalds leikari?** Ryan Gosling og Channing Tatum.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Ég hef séð svo margar en eftirminni-legastar vour kannski Taken, Tourist og svo fannst mér flestar Marvel myndirnar geðveikar.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?** Oftast hitti ég vinkonur mínar bara.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Þórsörök á sólbjörtum degi... svo er nammibarinn í Hagkaup oft algjör bjúti.



**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Heiðarleiki, góðvild og réttlætiskenn.

**Hvern vildir þú helst hitta?** Ryan Gosling.

**Uppáhalds vefsíða?** [ms.is/islenska/nyyrdasamkeppnin](http://ms.is/islenska/nyyrdasamkeppnin)

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Nýja fartölvu.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?** Þjóða fjölskyldunni til útlanda og gefa eitthvað til góðgerðarmála.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Setja boostbar fyrir neðan Worldclass.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Ég er ekki viss, langar að fara kannski í lækinn.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Ég heimsótti nokkra af merkustu stöðum heimsins París, Sardiníu og Siglufjörð.

## Pétur Steinn til reynslu hjá FCK

Seltirningi maímánaðar, Pétri Steini Þorsteinssyni, var á dögnum boðið til æfinga hjá danska stórlíðinu FC København.

Pétur, sem er 16 ára gamall, æfði með unglingsliði félagsins í tæpa viku og lék þar að auki einn æfingaleik. Með í för voru þrír félagar Péters úr U-17 ára landsliðinu en fjórmenningarnir léku allir með landsliðinu á alþjóðlegu móti í Wales í apríl. Pétur leikur knattspyrnu með 2. og 3. flokki Gróttu og getur leyst ýmsar stöður á vellinum.



Pétur Steinn Þorsteinsson.



# 17. júní í Bakkagarði

Seltirningar halda þjóðhátíðardaginn hátíðlegan í Bakkagarði  
Dagskráin er tvískipt, frá kl. 13-16 og kl. 20-22



## Kl. 10-12 Bátasigling

Smábátafélagið Sigurfari og Björgunarsveitin Ársæll bjóða upp á skemmtisiglingu frá smábátahöfninni við Bakkavör ef veður leyfir. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

## Kl. 11:00 Hátíðarguðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju

Sr. Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur þjónar ásamt Friðriki Vigni Stefánssyni organista. Félagar í Rótarýklúbbi Seltjarnarness taka þátt. Nýstúdentar eru sérstaklega boðnir velkomnir og hvattir til að bera húfuna í tilefni dagsins. Kaffihlaðborð eftir athöfn.

## Kl. 13:00 Skrúðganga

Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness fer fyrir göngunni. Safnast verður saman við Mýrarhúsaskóla og gengið eftir Skólabraut í Bakkagarð.



## Kl. 13:15-16:00 Bakkagarður – Fjölskyldudagskrá

- Gói, Guðjón Davíð Karlsson kynnr hátíðarinnar stígur á svið
- Lárus B. Lárusson formaður Íþrótt- og tólmstundaráðs setur hátíðina
- Ávarp fjallkonu
- Pollapönk leikur og syngur
- Wally trúður fer á kostum
- Birkir Örn Karlsson, sigurvegari úr Dans dans dans og Rakel Matthíasdóttir sýna dans
- Margrét Aðalheiður Önnu og Þorgeirsdóttir leikur á gítar og syngur með Litlu snillingunum, Meistara Jakob og Gömlu meisturunum undir stjórn Ingu Bjargar Stefánsdóttur
- Saga Eurovision, söngatriði með Friðriki Ómari, Selmu Björns og Regínu Ósk
- Krakkahestar, hestar teymdir undir börnum frá kl. 14-15

Í garðinum verður líka spákonutjald, húllahringir, stultur, sippubönd, snú-snú, andlitsmálun og fleira. Sérfræðingar í Frúin í Hamborg, vísagátum, kvæðskap og tengslareki skora gesti á hólm. Blöðru- og veitingasala á staðnum.

## Kl. 20:00-22:00 Bakkagarður – Tónleikar

Hljómsveitirnar Útidúr, Dýri og félagar og fleiri halda uppi fjörinu að kvöldi þjóðhátíðardags.

Athugið að Suðurströnd verður lokað fyrir allri bílaumferð, nema strætó, frá Steinavör að Bakkavör frá kl. 13-16.



SELTJARNARNESBÆR  
Menningarnefnd